



Reykjavík, 24. maí 2019

Nefndasvið Alþingis,
bt. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frv. til brt. á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (784. mál)

Meðfylgjandi er framhaldsumsögn FGH, SAF og Viðskiptaráðs um þingmál nr. 784. Aðilar telja brýnt að fá aftur inní frumvarpið tillögu sem það hafði að geyma meðan frumvarpið var í samráðsferli ráðuneytis við hagsmunaaðila, þ.e. að þinglýst eignarhald sé grundvöllur skráningar heimagistingar. Þó er ástæða til að útvíkka það skilyrði þannig að nái einnig til þinglýstra leigusamninga, í ljósi ábendinga sem fram komu í samráðsferlinu um möguleg skaðleg áhrif uppghaflegrar tillögu á samningssamband leigusala og leigjenda. Slík breyting samræmist upphaflegum tilgangi ákvæðis um að þinglýst eignarhald sé skilyrði skráningar, þ.e. að koma í veg fyrir gervilögheimilisskráningar í tengslum við heimagistingar. Að öðru leyti vísast í fyrri umsagnir ofangreindra aðila um frumvarpið.

Tillaga að breytingu:

Við frumvarpið bætist ný grein, sem verður 1. gr., og orðast svo:

Í stað 2. málslíðar 1. mgr. 3. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir svohljóðandi:

Heimagisting er gisting gegn endurgjaldi á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota. Þinglýst eignarhald eða þinglýstur leigusamningur sem mælir fyrir um heimild til framleigu húsnæðis til heimagistingar er jafnframt skilyrði skráningar heimagistingar.

Fjöldi útleigðra daga í báðum eignum samanlagt, eða hvorri fyrir sig, skal ekki fara yfir 90 daga á hverju almanaksári eða samanlagðar tekjur af leigu eignanna, eða tekjur af hvorri eign fyrir sig, skulu ekki nema hærrí fjárhæð en kveðið er á um í 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.]

Virðingarfyllst,

Kristófer Oliverson
formaður FHG

Jakob Frímann Magnússon
talsmaður og stjórnarmaður FHG

Gunnar Valur Sveinsson
Samtök ferðabjónustunnar

Gunnar Dofri Ólafsson
Viðskiptaráð